

53 sem í fjárlögum fyrir 1896 og 1897 er veitt til þess að lána fje úr viðlaga-
10. apr. sjóði gegn sjerstöðum, vægum kjörum, til þess að koma á tóvinnuvjelum, nær
að eins til sýslufjelaga, en ekki til bæjarfjelaga, og getur hið umbedna lán þess
vegna því að eins fengizt, að sýslunefndin taki það að öllu leyti, og standi í á-
byrgð fyrir því.

Á hinn bóginn vil jeg veita samþykki til, að bæjarstjórn Akureyrar taki
lán upp á bæjarfjelagið, eins og að framan greinir, í hinu umrædda skyni, en
það lán getur ekki fengizt af landssjóði með hinum vægari kjörum, er fjárlögin
heimila sýslufjelögum.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leið-
beiningar og frekari birtingar.

54 *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um að ekki megi*
11. apr. *byggja í brekkunum fyrir ofan Sauðárkrök úr öðru efni en timbri eða grjóti o. fl. —*
Út af fyrirspurn, er hingað hefir borizt beina leið frá nokkrum búendum á Sauð-
árkrök, þar á meðal kaupmönnum Chr. Popp, Stefáni Jónssyni og W. Claesen
um það, hvort brekkur þær, er með landshöfðingja brjefi, dagsettu 18. apríl 1883
(Stjt. B, bls. 58) voru teknar úr Sauðárlandi og lagðar undir Sauðárkrök, beri
að skoða sem nokkurs konar almennings eign, þar sem byggja megi hús úr hvaða
efni sem er, og sjeu því undanskildar ákvæði því í nefndu brjefi að »eptirleið-
is má ekki byggja hús á Sauðárkróki nema úr timbri eða steini«, þá undanfelli
jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra sýslumaður, til þóknan-
legrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að tjeðar brekkur eptir
beinum fyrirmælum optnefnds landshöfðingjabrjefs, heyra undir land Sauðár-
króks, þá hljóta reglur þær, sem brjefið fyrirskipar um byggingu og þess konar
einnig að ná til brekknanna, þannig að eigi má byggja þar hús úr öðru efni, en
timbri eða grjóti.

55 *Brjef landshöfðingja til stíptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa Rípurpresta-*
15. apr. *kalli til húsabóta á prestssetrinu. —* Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður
og herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. f. m., vil jeg hjer með veita
samþykki mitt til, að presturinn að Ríp í Hegranesi, sjera Sveinn Guðmundsson,
taki 800 kr. embættislán úr landssjóði handa nefndu prestakalli til að bæta stað-
arhúsin á prestssetrinu á þann hátt, er segir í tjeðu brjefi yðar og skjölum þeim
er því fylgdu. Þó er samþykki mitt bundið þeim skilyrðum, að lánið verði end-
urborgað af uppbót braudsins á 16 árum, að prófasturinn samþykki fyrirkomu-
lag húsanna og framkvæmi skoðunargjörð á þeim að verkinu loknu, að hin ný-
hyggðu hús verði eign staðarins og afhendist af prestinum eða dánarbúi hans, við
burtför hans, í fullgildu standi eður með fullu álagi og að presturinn haldi þeim í
í vátryggingu fyrir að minnsta kosti 1500 kr. undir eptirliti prófasts.

Þetta undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þókn-
anlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.